

Skútustaðahreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 25. október 2017
UST201709-226/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi smávirkjunar í Drekgili

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 28. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi smávirkjunar í Drekgili.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að fyrirhugað er að byggja rafstöð austan ferðaþjónustusvæðis í Drekgili í Skútustaðahreppi.

Skipulagssvæðið og framkvæmdin

Í inngangi kemur fram að áformað er að reisa virkjun við foss í ánni sem rennur úr Drekgili. Einnig kemur fram að sumarrennsli dugar fyrir 30 kW orkuframleiðslu sem nægir fyrir alla starfsemi á svæðinu á sumrin. Vetrarrennsli dugar fyrir um 10 kW orkuframleiðslu sem er nægjanleg fyrir fjarskiptastaðinn. Áætlað er að stöðvarhús verði staðsett 500 m suðaustan við skálana. Í lýsingu kemur fram að fallpípa frá inntaki er um 300 m 0,5 m í þvermál og að áætlað sé að grafa hana niður alla leið. Einnig segir í lýsingu að: „*aðstæður á virkjunarstað eru aðallega sandur og vikur og lítils háttar hraun og enginn gróður.*“ Umhverfisstofnun tekur ekki undir það að gróðurleysi sé á svæðinu og bendir á að þar fer fram rannsókn á blómgun plantna/öræfagróðurs á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs.


Í lýsingu kemur einnig fram að á svæði fallpípunnar sé lítilsháttar hraun. Umhverfisstofnun minnir á að í deiliskipulagstillögu skal koma skýrt fram hvort um nútímahraun er að ræða og einnig þarf að koma fram á hve stóru svæði það er og bendir stofnunin á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, njóta eldvörp, eldhraun, gervigígar sérstakrar verndar.

Í lýsingu kemur fram að forsteyptri einingu verði komið fyrir á um 1 – 1,5 m dýpi til að festa botnrás og fallpípu.

Staðhættir

Í umfjöllun um skipulagssvæðið kemur fram að rafstöðin er áætluð við læk sem rennur úr Drekgili og fellur niður í litlum fossi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fossinum verði lýst í deiliskipulagstillögunni og að áhrif á hann vegna framkvæmdar komi skýrt fram. Einnig bendir stofnunin á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, njóta fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti, að sýn að þeim spillist ekki, sérstakrar verndar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur